

Bæjarstjórn - 1933

FUNDARBOÐ

**1933. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 5.
júni 2024 og hefst kl. 14:00**

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði

1. 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar leggja fram eftirfarandi tillögur ásamt greinargerðum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að afturkalla samþykktir 534. fundar Fræðsluráðs og 513. fundar Fjölskylduráðs frá 29 maí sl. í máli 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði.

Greinargerð:

Á fundum Fræðsluráðs og Fjölskylduráðs sem haldnir voru miðvikudaginn 29. maí sl. samþykkti meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tillögur um grundvallarbreytingar á félagsstarfi fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára í Hafnarfirði. Fundartíma Fjölskylduráðs var breytt og fundurinn færður frá þriðjudegi kl. 8:15 til miðvikudags kl. 14:00 en það er sami fundartími og hjá Fræðsluráði. Ástæður tilfærslu fundartíma Fjölskylduráðs voru ekki tíundaðar að öðru leyti en að það þyrfti að færa fund Fjölskylduráðs um einn dag. Undir málinu var ekkert að finna, hvorki í fundarboði né á fundargátt bæjarstjórnar. Fulltrúar minnihlutans í báðum ráðum fengu minnisblað sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs og sviðsstjóra Fjölskyldu- og barnamálasviðs með umræddum tillögum ekki sent fyrir fundi ráðanna. Í fundarboði var heldur ekkert sem gaf til kynna að til stæði að afgreiða veigamiklar tillögur um grundvallarbreytingar á félagsstarfi ungmenna á aldrinum 16-24 ára. Raunar var eina kynning á fyrrnefndu minnisblaði með tillögnum fyrir fulltrúa minnihlutans sú að minnisblaðinu var varpað upp á skjá og lesið upp á fundunum.

Upplýst ákvarðanatataka er forsenda vandaðrar stjórnsýslu en með vinnubrögðum sínum kom meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í veg fyrir að fulltrúar minnihlutans í Fræðsluráði og Fjölskylduráði gætu tekið upplýsta ákvörðun í þessu stóra máli á fundum ráðanna 29. maí sl. Þessi vinnubrögð eru í besta falli ekki í anda sveitarstjórnar- eða stjórnsýslulaga og samþykktu um stjórn Hafnarfjarðar og fundarsköp bæjarstjórnar en í versta falli eru þau í trássi við lög og samþykktir bæjarfélagsins. Einnig er það undarleg hugmyndafræði meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks að bæjarstjórn eigi enga aðkomu að hafa að svona grundvallarbreytingum líkt og hér um ræðir. Ekki er að sjá að það hafi nokkurn tímann staðið til hjá meirihlutanum að fara með málið fyrir

bæjarstjórn til umræðu, hvað þá afgreiðslu.

En forkastanleg vinnubrögð meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í þessu máli snúa ekki eingöngu að minnihlutanum í bæjarstjórn. Ungmennaráði og starfsfólki var líka haldið algjörlega utan við málið en er nú boðin aðkoma að vinnunni í gegnum starfshóp/spretthóp sem ætlað er að vinna að útfærslu breytinganna eftir að þær hafa verið ákveðnar. Hér er byrjað á röngum enda og um algjört sýndarsamráð að ræða. Þær ákvarðanir sem teknar voru af meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks á fundum Fræðsluráðs og Fjölskylduráðs þann 29. maí sl. hefðu að sjálfsögðu átt að byggja á víðtæku samráði við alla hagaðila en meirihlutinn hræðist greinilega raunverulegt samráð og því varð leyndarhyggja og sýndarsamráð fyrir valinu hjá fulltrúum Framsóknar- og Sjálfstæðisflokksins.

Stjórn Samfés hefur gagnrýnt vinnubrögðin harðlega sem og þá ákvörðun að loka starfsemi Hamarsins á Suðurgötu. Í gagnrýni stjórnar Samfés er bent á að þessi vinnubrögð séu í trássi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Hafnarfjörður hefur skuldbundið sig til að innleiða í alla stjórnarsýslu og starfsemi sveitarfélagsins. Á tyllidögum er því gjarnan haldið á lofti að vinna eigi með börnum og ungmennum og í þeirra þágu en þegar á hólminn er komið er ekkert að marka slíkar yfirlýsingar, allavega ekki hjá meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

Að auki er það stórhættuleg ákvörðun leggja niður starfsemi Hamarsins án þess að nokkur greining eða mat hafi farið fram á því hvaða afleiðingar það kunni að hafa fyrir þá hópa sem nýta sér þessa mikilvægu þjónustu. Þar hefur á undanförunum árum verið unnið öflugt og faglegt starf sem hefur verið fordæmisgefandi fyrir önnur ungmennahús á landinu. Unnið hefur verið að verkefnum sem miða að því að styðja við jaðarsetta hópa í samfélaginu til þess að hjálpa þeim að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Með ákvörðunum sínum í Fræðsluráði og Fjölskylduráði hefur meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks stefnt þessu mikilvæga starfi í voða og hugmyndirnar um framhaldið eru óljósar og lítið þar sem hönd er á festandi.

Ljóst er að við þetta verður ekki unað og svona á stjórnarsýsla Hafnarfjarðar ekki að starfa. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar getur einfaldlega ekki setið hjá og leyft þessum óvönduðu vinnubrögðum að verða hin nýju viðmið í stjórnarsýslu Hafnarfjarðar. Því verður bæjarstjórn að sýna pólitískan dug og kjark og afturkalla þessar illa undirbúnu ákvarðanir meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í Fræðsluráði og Fjölskylduráði frá 29. maí sl. Einungis þannig verður hægt að vinda ofan af þeim skaða sem ákvarðanir meirihlutans hafa þegar valdið.

2. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að afturkalla allar uppsagnir starfsfólks Hafnarfjarðarbæjar sem samþykktir á 534. fundi Fræðsluráðs og 513. fundi Fjölskylduráðs þann 29. maí sl. í máli 2405222 - Miðstöð ungs fólks í Hafnarfirði leiddu til.

Greinargerð:

Á fundum Fræðsluráðs og Fjölskylduráðs sem haldnir voru miðvikudaginn 29. maí sl. samþykkti meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks tillögur um grundvallarbreytingar á félagsstarfi fyrir ungt fólk á aldrinum 16-24 ára í Hafnarfirði. Fundartíma Fjölskylduráðs var breytt og fundurinn færður frá þriðjudegi kl. 8:15 til miðvikudags kl. 14:00 en það er sami fundartími og hjá Fræðsluráði. Ástæður tilfærslunnar voru ekki tíundaðar að öðru leyti en að það

þyrfti að færa fund Fjölskylduráðs um einn dag. Undir málinu var ekkert að finna, hvorki í fundarboði né á fundargátt bæjarstjórnar. Fulltrúar minnihlutans í báðum ráðum fengu minnisblað sviðsstjóra Mennta- og lýðheilsusviðs og sviðsstjóra Fjölskyldu- og barnamálasviðs með umræddum tillögum ekki sent fyrir fundi ráðanna. Í fundarboði var heldur ekkert sem gaf til kynna að til stæði að afgreiða veigamiklar tillögur um grundvallarbreytingar á félagsstarfi ungmenna á aldrinum 16-24 ára. Raunar var eina kynning á fyrrnefndu minnisblaði með tillögunum fyrir fulltrúa minnihlutans sú að minnisblaðinu var varpað upp á skjá og lesið upp á fundunum.

Upplýst ákvarðanataka er forsenda vandaðrar stjórnarsýslu en með vinnubrögðum sínum kom meirihluti Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í veg fyrir að fulltrúar minnihlutans í Fræðsluráði og Fjölskylduráði gætu tekið upplýsta ákvörðun í þessu máli á fundum ráðanna 29. maí sl. Þessi vinnubrögð eru í besta falli ekki í anda sveitarstjórnar- eða stjórnarsýslulaga og samþykktu um stjórn Hafnarfjarðar og fundarsköp bæjarstjórnar en í versta falli eru þau í trássi við lög og samþykktir bæjarfélagsins. Einnig er það undarleg hugmyndafræði meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks að bæjarstjórn eigi enga aðkomu að hafa að svona grundvallarbreytingum líkt og hér um ræðir. Ekki er að sjá að það hafi nokkurn tímann staðið til hjá meirihlutanum að fara með málið fyrir bæjarstjórn til umræðu, hvað þá afgreiðslu.

Ástæða breytts fundartíma Fjölskylduráðs kom svo í ljós á fundinum sjálfum því á meðan fulltrúar minnihlutans, bæði í Fræðsluráði og Fjölskylduráði, mótmæltu óvönduðum og gerræðislegum vinnubrögðum meirihlutans þá var starfsfólki Hamarsins og forstöðukonu Hússins (Klettsins/Vínaskjól) afhent uppsagnarbréf. Svo mikill var hamagangurinn að það var ekki einu sinni hægt að bíða fram yfir fundi ráðanna, eða þar til ráðin höfðu afgreitt tillögunar, til að greina starfsmönnum frá uppsögnunum. Mannauðsstefna Hafnarfjarðar setur þær skyldur á herðar stjórnenda að tryggja það að stefnumarkandi ákvörðunum sem snúa að starfsfólki sé komið á framfæri sem og að faglega sé staðið að starfslokum hvernig sem þau beri að. Vinnubrögðin í kringum þessar uppsagnir eru því ekki á nokkurn hátt í samræmi við mannauðsstefnu Hafnarfjarðar. Einnig er erfitt að átta sig á því hvað kallar á þessar uppsagnir á þessum tímamarki. Óvönduð vinnubrögð meirihlutans verða til þess að við missum mikilvæga þekkingu út úr starfsemi sem getur skaðað hana til framtíðar. Enginn vafi er á því að Hafnarfjörður hefði grætt á því að hafa umrædda starfsmenn innanborðs til að undirbúa og innleiða þær breytingar sem boðaðar eru. En í staðinn velur meirihlutinn að kasta þessari þekkingu og kunnáttu frá sér með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Hér er um slík handarbaksvinnubrögð að ræða af hálfu meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks í Fræðsluráði og Fjölskylduráði að bæjarstjórn verður að taka í taumana. Bæjarstjórn getur ekki setið hjá og leyft þessum vinnubrögðum að verða hin nýju viðmið í stjórnarsýslu Hafnarfjarðar. Því verður bæjarstjórn Hafnarfjarðar að nýta þetta tækifæri til þess að sýna pólitískt hugrekki með því að afturkalla þessar illa ígrunduðu uppsagnir.

2. 2404839 - Ársreikningur Hafnarfjarðarhafnar 2023

1. liður úr fundargerð hafnarstjórnar frá 15.maí sl.

Ársreikningur Hafnarfjarðarhafnar fyrir árið 2023 tekinn til síðari umræðu. Til fundarins mætti Jón Sigurðsson frá PWC.

Hafnarstjórn samþykkir ársreikning fyrir árið 2023 og vísar honum til afgreiðslu í bæjarstjórn.

3. 2208122 - Lóðarverð, skoðun og samanburður

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram tillaga um afnám byggingarréttargjalds af bílakjallara í gjaldskrá.

Tillaga: Bæjarráð samþykkir að ekki sé innheimt byggingarréttargjald vegna bílakjallara og að greitt sé 25% af gatnagerðagjaldi skv. gjaldskrá.

Tillagan er samþykkt.

Breytingin í gjaldskrá verður þá svohljóðandi: Af B-rými húsnæðis skal greiða 25% af ofangreindu hlutfalli af gatnagerðargjaldi og 25% af ofangreindri upphæð byggingarréttargjalds. Vegna bílakjallara er greitt 25% af gatnagerðargjaldi en ekki byggingarréttargjald.

Vísað í bæjarstjórn til samþykktar.

Fulltrúar Samfylkingar taka afstöðu til málsins í umræðum í bæjarstjórn.

4. 2405761 - Jötnehella 2, umsókn um lóð

5.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram umsókn um lóð og samkomulag um uppgjör gatnagerðargjalda.

Bæjarráð samþykkir að úthluta lóð nr. 2 við Jötnehellu til Jóhanns G. Bergþórssonar. Vísað í bæjarstjórn til staðfestingar.

5. 2309612 - Ásland 4, deiliskipulag endurskoðun

2.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Áslands 4. Tillagan gerir ráð fyrir að gatan Brunnás verði lögð samsíða Markarás. Gatan Birgisás kemur neðan við og samsíða Brunnás. Lega Markarás áður Grófarás verði aðlöguð landi auk þess sem hringtorg við Grófir færir til austurs. Keðjuhús og fjölbýli verða felld niður sem og hús á bröttum og erfiðum lóðum.

Skipulags- og byggingaráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Áslands 4 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

Fulltrúar Samfylkingarinnar sitja hjá við afgreiðslu málsins og bóka: Samkvæmt fyrirleggjandi tillögu um breytt deiliskipulag fyrir Ásland 4 er gert ráð fyrir að öll fjölbýli eru tekin út í seinni áfanga Áslands 4. Á svæðinu öllu fækkar því íbúðum í fjölbýlum um 327 sem er um 40% fækkun og sérbýlum fjölga um 227. Með þessari breyttu nýtingu fækkar íbúðum um 100 sem jafngildir um 250 íbúum. Byggingarland er ekki ótakmörkuð auðlind og fá ný byggingarsvæði eru eftir í Hafnarfirði og því þarf að nýta þau svæði vel sem eru í boði. Á sama tíma er mikil eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði, sérstaklega hjá ungu fjölskyldufólki. Þá kemur fjölgun sérbýla í stað fjölbýla m.a. niður á nýtingu innviða og fjárfestinga í nýju hverfi og er auk þess ekki í samræmi við umhverfis- og auðlindastefnu Hafnarfjarðar þar sem segir að við skipulag byggðar verði horft til þess að hu'n

se´ þro´uð inn a´ við og þe´tt, ekki si´ður en að vi´kka enn frekar u´t til o´byggðra svæða. Ljóst er að breytingin rýrir gæði byggðar. Dregið er verulega úr fjölbreyttum húsnæðiskostum, en þeir laða að ólíka þjóðfélagshópa og fólk á mismunandi æviskeiðum. Fjölgun sérbýla á kostnað fjölbýla er ekki kostur einkum fyrir ungt fólk sem leitar að hagvæmu húsnæði. Þá er í tillögunni dregið úr vægi opina svæða og leikvalla. Göngustígur sem liggur í gegnum hverfið sem myndar grænan ás og er aðgengilegur öllum er það ekki aðgengilegur öllum í fyrirliggjandi breytingartillögu. Það er ekki í samræmi við heilsustefnu Hafnarfjarðar þar sem segir að tryggja þurfi aðgengi fyrir alla á opnum svæðum og göngustígum. Gildandi deiliskipulag tók gildi fyrir tveimur árum síðan sem var samstaða um og nú er verið að verja umtalsverðum tíma og fjármagni í að umbylta því. Hér er verið að kasta til höndunum eins og dæmin sýna sem er enn og aftur til marks um hringlandann hjá meirihluta Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks.

6. 2103115 - Hraun vestur, rammaskipulag endurskoðun

3. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.maí sl.

Þróunaráætlun Hrauns vesturs lögð fram til samþykktar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða þróunaráætlun Hrauns vesturs og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

7. 2103116 - Hraun vestur, aðalskipulag breyting

4.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi Hraun vesturs.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að leitað sé umsagna við framlagðri lýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breyttrar landnotkunar Hrauns vestur og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

8. 2404955 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir 5

11.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 30.maí sl.

Lögð fram tillaga um að hefja vinnu við breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 breyting vegna Fornubúða 5.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að hefja vinnu við breytingu aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna nýtingarheimilda á miðsvæði M7. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2306391 - HS Orka, samkomulag um rannsóknir og nýtingarrétt, Krýsuvík

Lagður fram samningur um heimild til rannsókna, landnot, lóðarleigu og nýtingu auðlindarréttinda í Krýsuvík.

10. 1702065 - Leikfélag Hafnarfjarðar, húsnæði

Bæjarfulltrúar Samfylkingarinnar óska eftir umræðu um málið og leggja fram eftirfarandi tillögu:

Bæjarstjórn samþykkir að boða forsvarsmenn Leikfélags Hafnarfjarðar á næsta fund bæjarráðs til þess að ræða þá stöðu sem uppi er í starfsemi leikfélagsins. Þar verði leitað leiða til þess að leysa hið fyrsta húsnæðisvanda Leikfélags Hafnarfjarðar og tryggja þannig áframhaldandi starfsemi félagsins.

Fundargerðir

11. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð bæjarráðs 30.maí sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 15.maí sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 27.maí sl.

c. Fundargerðir menninga- og ferðamálanefndar frá 8.og 21.maí sl.

d. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17.maí sl.

Fundargerð fræðsluráðs frá 29.maí sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómstundanefndar frá 20.maí sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 29.maí sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 29.maí sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs 30.maí sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 4.júní sl.

03.06.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri